

**Nd.**

**145. Lög**

um löggilding verslunarstaða.

(Afgreidd frá Nd. 13. mars).

1. gr.

Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu, á Melstað í Selárdal í Barðastrandarsýslu og í Leirhöfn á Sljettu í Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.